

## **Borgarráð 13. júlí 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands vegna bílastæða hreyfihamlaðra MSS23070048**

Þann 20. mars sl. tilkynnti Reykjavíkurborg að fallið hafi verið frá gjaldtöku af handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihömluð í bílastæðahúsum sem rekin eru á vegum borgarinnar. Hvaða skref hefur Reykjavíkurborg eða Bílastæðasjóður tekið til að gera hreyfihömluðum ljóst að fallið hafi verið frá gjaldtökum? Eins og staðan er núna þurfa handhafar stæðiskorta hreyfihamlaðra að láta vita af komu sinni þegar fara skal inn í bílahúsin, þá er kerfið stillt þannig að viðkomandi komist út án þess að greiða. Borið hefur á því í samtölum borgarfulltrúa við hreyfihamlaða notendur bílastæðahúsa að þessi réttur hafi ekki verið þeim ljós þegar ákvörðunin var tekin um að falla frá gjöldum. Hefur Reykjavíkurborg sent skilaboð/póst til handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, um að viðkomandi sé ekki lengur skylt að borga fyrir notkun stæða í bílahúsum? Ef ekki, hafa einhver skref verið tekin til að gera handhöfum kortanna það ljóst að ekki sé skylt að greiða fyrir þau lengur? Þá er ekki átt við fréttatilkynningu, sem gríðarlega margir munu aldrei sjá eða lesa. Ef ekki, stendur þá til að gera handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaðra betur ljóst fyrir rétti sínum? Hvenær er áætlað að nýtt kerfi verið sett upp, sem gerir það að verkum að hreyfihamlaðir þurfa ekki lengur að láta vita af komu sinni, svo ekki þurfi að borga?